



CAD ehf

Fréttir September 2014



Autodesk University - Las Vegas

Alveg eins og lóan er hinn dæmigerði íslenzki vorboði, þá eru skiptibókamarkaðir öruggt tákn um að haustið sé komið. Endurmenntun HÍ hefur birt kennsluáætlun fyrir haustönnuna og Autodesk hefur birt dagskrá sína fyrir **AU í Las Vegas** sem verður dagana 2. - 4. desember 2014 .

Hvað er **AU** eða **Autodesk University**? **Autodesk University** hefur verið haldið samfellt í 21 ár. Fyrsti AU var haldið í San Fransico 1993 og hefur stöðugt verið að þróast og vaxa. Síðan árið 2000 hefur AU verið haldið í Las Vegas.

Í ár eru **750 námskeið og fyrirlestrar** í boði - fyrirlestar sem spanna alla forritaflórana hjá Autodesk. Auk þess eru fyrirlestrar um framtíðarsýn á sviði arkitektúrs, verkfræði, iðnhönnunar, tölvuleikja og margt, margt fleira. Fyrir þá sem hafa áhuga á að gerast "certified professional" þá eru undirbúningsnámskeið og ókeypis próf í boði.

Hér er að finna allar upplýsingar um [AU 2014](#)

Sjáumst í Las vegas.



Meira um námskeið. Hér er kennsluáætlun hautsins í samvinnu við lðan fræðslusetur:



Kennsla á haustönn 2014

Autodesk Inventor 2015 Essentials	17. - 18. okt. og 24. - 25. október 2014
AutoCAD 2015 Essentials	03. - 04. okt. og 10. - 11. október 2014
AutoCAD Electrical 2015 grunnur	23. - 24. september 2014
AutoCAD Electrical 2015 framhald	30. september - 1. október 2014
Autodesk Inventor 2015 - "Super Models"	7. - 8. nóvember 2014

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma **590 6400 milli kl. 9 og 16.**
Einnig má skrá sig á heimasíðu lðunar www.idan.is undir liðnum: **Námskeið fyrir AutoCAD og Inventor.**
Munið að lðan er flutt úr Skúlatúni 2 í Vatnagarða 20.

Uppfærslur og servicepacks:

Inventor 2015:	servicepack 1 fyrir Inventor 2015
AutoCAD 2015:	Servicepack 1 for AutoCAD 2015
AutoCAD Mechanical 2015	Servicepack 1
AutoCAD Electrical 2015	Servicepack 1
Servicepack 2 fyrir AutoCAD 2015	er væntanleg á næstu dögum.
AutoCAD 2015:	Scale List Cleanup Utility for AutoCAD 2015
AutoCAD LT 2015	Servicepack 1 fyrir AutoCAD LT 2015

Munið einnig að á **áskriftarsíðunni** ykkar liggja ýmsar viðbætur fyrir m.a. **3ds Max, Showcase** og fjöldi annara forrita.

Tips og Tricks


AutoCAD:

Teikningaskrár á eldra formi valda oft pirringi hjá notendum - annað hvort sendanda eða móttakanda, en það er alveg að ástæðulausu.

Allir notendur eru með **DWG True View** sem sett er upp um leið og **AutoCAD** - ef ekki, þá er hægt að sækja fortið frítt hjá Autodesk.


DWG True View er frábært forrit til að þýða milli útgáfa. Hægt er að vista niður á **AutoCAD 2000** formi.

Þegar **DWG True View** er opnað er smellt á **True View** táknið efst til vinstri og valið **DWG convert.**




MYND !

Fyrst er valin ein eða fleiri skrá og síðan formið sem á að vista á - t.d. **AutoCAD 2000**.



Mynd 2

Þar næst er ákveðið hvort skár séu yfirskrifaðar eða nýjar skrár búnar til í nýja möppu.




Mynd 3

Inventor 2015:

Í **Inventor 2015** er með nokkrar nýjar leiðir til að breyta mólur og ein þeirra er "**Direct Editing**" - aðferð sem fengin er úr **Fusion** tækninni. Gallinn við Fusion var að sagan (parametrí) varðveittist ekki í módelinu.

Aðferðin er einföld. Veljið t.d. flöt (face) sem þarf að færa. Veljið síðan **Direct** hnappinn og togið:



Mynd 4

Þessi aðferð er sérstaklega gagnleg þegar breyta þarf "hlutlausu" módeli t.d. **stp** eða **sat** módel.

Þangað til næst:
Lifið heil.

Finnur P. Fróðason
Hafið Samband:

sími: 5523990 -
cad@cad.is

[Forward email](#)

 SafeUnsubscribe™

This email was sent to finnurp@simnet.is by finnurp@cad.is |
[Update Profile/Email Address](#) | Rapid removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).



CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland